



# Óháð fréttablað á Vestfjörðum **BÆJARINS BESTA**

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: [www.bb.is](http://www.bb.is) · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110 023513

**Fimmtudagur**

11. mars 2010  
10. tbl. · 27. árg.



**Vantar þig íbúð  
til leigu?**

Hafðu samband!  
sími: 456 6600



**TVAER NÝJAR  
MYNDIR  
POPP & 2L COKE  
1000.-**

**HAMRABORG**  
Hamraborg ehf. · Hafnarstræti 7 · Sími 456 3166



## Náttúran kröftugri á Íslandi

Hjónin Nadia og Martin Ashkenazy-Jones fluttust búferlum frá Englandi til Flateyrar í lok síðasta árs. Þau hafa mikinn áhuga á því að auka fjölbreytni íþróttagreina í minni byggðakjörnum Ísafjarðarbæjar. Í miðopnu er rætt við hjónakornin um flutninginn, íþróttirnar og hversu heilluð þau eru af krafti náttúruaflanna á Íslandi og hlýlegu viðmóti Vestfirðinga.



**EIMSKIP**

| Eyrarskáli | Sími 525 7890 |

*Yfir hafið og heim*



# Dæmi um 14 brot hjá sama strand-veiðibáti á reglu um hámarksafla

Dæmi eru um að sami strand-veiðibáturinn hafi brotið reglu um 800 kílóa hámarksafla í hverri veiðiferð í 14 tilvikum síðasta sumar. Þetta má lesa úr úttekt Háskólaseturs Vestfjarða á framgangi og áhrifum strandveiðanna. Í úttektinni er að finna töflu sem sýnir að tugir dæma eru um báta sem brutu þessa reglu fimm sinnum eða oftar á meðan veiðarnar stóðu yfir. Þar kemur einnig

fram að samkvæmt starfsmönnum Fiskistofu eru 282 mál til meðferðar hjá stofnuninni vegna meintra veiða umfram leyfilegt hámarksmagn. Fleiri en eitt tilvik getur legið að baki máli hvers aðila en vinnsla þessara mála stendur enn yfir og kann því endanlegur málafjöldi enn að breytast og fjöldi tilvika sem liggja að baki máli hvers og eins aðila.

Búið er að senda 224 aðilum

tilkynningu um álagningu, vegna afla umfram 800 kg í veiðiferð. Í þessum tilvikum er um að ræða aðila sem lönduðu öllum sínum afla á fiskmarkað. Heildarfjárhæð þegar tilkynntar álagningar er 8,6 milljónir, aflamagnið er 42 tonn.

Í samtali við Friðrik Friðriks-son, lögfræðing LÍÚ, í frétt á vef sambandsins á dögnum kom fram að a.m.k. helmingur þeirra

554 báta sem stunduðu veiðarnar á síðasta sumri hafi brotið gegn ákvæðum reglugerðar um hámarksafla. Friðrik segir tölfraðigögn staðfesta það stjórnleysi sem einkennt hafi veiðarnar. Svör frá Fiskistofu undirstriki einnig það raunverulega úrræðaleysi sem eftirlitsaðilar stóðu frammi fyrir þegar kom að því að grípa til refsinga fyrir brot.

„Í raun gat hvaða bátur sem er

veitt eins og honum sýndist vegna skorts á lagalegum úrræðum til að svipta menn veiðileyfi, eins og gildir um önnur fiskiskip. Vinna við umsýslu vegna álagningar og eftirfylgni vegna strand-veiðibátanna var álíka mikil og við öll önnur fiskiskip, enda þarf að gæta hvers og eins máls með sama hætti skv. stjórnssýslulögum, hvort sem um er að ræða 50 kg eða 500 kg,“ segir Friðrik.

## Þingsætum fækkað í Norðvesturkjördæmi

Fæstir kjósendur voru á hvern þingmann í Norðvesturkjördæmi í kosningunum 2009, eða 2.366 talsins. Flestir kjósendur voru á hvern þingmann í Suðvesturkjördæmi, eða 4.850. Þó að kosningalög- unum hafi verið breytt til að jafna stærð kjördæma urðu niðurstöður úr kosningunum 2003 og 2009 þær að u.þ.b. helmingi færri kjósendur voru í fámennasta kjördæminu en því fjölmennasta.

„Hlutfallið þarna á milli er 2,050 og vegna þess að það er yfir tveimur gefur það samkvæmt ákvæðum kosninga- laga tilefni til að breyta fjölda

þingsæta í tveimur kjördæmum fyrir næstu alþingiskosningar. Hefur landskjörstjórn gefið út auglýsingu um að fjöldi þingsæta í Norðvesturkjördæmi verði þá 8, sjö kjördæmissæti og eitt jöfnunarsæti en 13 í Suðvesturkjördæmi, 11 kjördæmissæti og tvö jöfnunarsæti,“ segir í hagtíðindum Hagstofunnar.

Við kosningarnar voru alls 227.843 á kjörskrá eða 71,4% landsmanna. Af þeim greiddu 193.975 atkvæði eða 85,1% kjósenda. Kosningaþátttaka kvenna var meiri en karla, eða 85,8% á móti 84,5% hjá körlum.

– thelma@bb.is



Séð ofan af Gleiðarhjalla.

## Framkvæmd við varnargarð ekki háð umhverfismati

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar telur að framkvæmd við varnargarð vegna ofanflóða undir Gleiðarhjalla á Ísafirði sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Svæðið er nú þegar mikið raskað vegna núverandi aurvarnargarðs og breytir því framkvæmdin ekki heildarásjón svæðisins. Til stendur að reisa lágan aurvarnar-

garð, um 640 metra að lengd fyrir ofan Hjallaveg, Hlíðarveg og austasta hluta Urðarveg.

Lengi hefur verið rætt um úr- ræði vegna aurrennsli og hættu á grjóthruni á þessu svæði. Í hættu- mati vegna ofanflóða í Ísafjarð- arbæ frá árinu 2002 segir að nokkur aurskriðu- og grjóthruns- hættu sé neðan Gleiðarhjalla.

Mest er hún við Stakkaneshrygg og Stóruvörð. Nokkur hús við Stakkaneshrygg og Stóruvörð teljast vera á hættusvæði C, þar sem staðaráhætta er meiri en 3 af 10.000 á ári.

Í heild ná hættusvæðin undir Gleiðarhjalla tvær til þrjár húsar- aðir inn í byggðina.

– thelma@bb.is



## Landanir uppsjáv- arfiski hafa lagst af

Landanir á uppsjáv- arfiski hafa lagst af í Bolungarvík sem á árum áður var helsta löndun- arhöfn fyrir uppsjáv- arfisk á Vestfjörðum. Á síðasta ári var nánast engum uppsjáv- arfiska landað þar samkvæmt yfirliti Fiskistofu yfir landað magn af uppsjáv- arfiski eftir höfnum og landsvæðum frá 1993 til 2009. Þar kemur fram að uppsjáv- arfiski hefur dregist mikið saman á Vestfjörðum á tímabilinu og var hann nánast enginn á síð- asta ári. Þess má geta að loðnu- verksmiðjan Gná í Bolungar-

vík hætti störfum árið 2008.

Undanfarin ár hafa landanir á uppsjáv- arfiska færst í auknum mæli til Austfjarða. Árið 1993 var 42% af öllum uppsjáv- arfiska landað fyrir austan en hlutfallið hefur síðan vaxið nokkuð jafnt og þétt og í fyrra var það komið uppí rúm 71%). Hlutfallsleg aukning hefur einnig orðið á Suðurlandi. Hlutfall landaðs uppsjáv- arfiska hefur á öðrum landsvæðum minnkað á tíma- bilinu, mest á Norðurlandi eystra, um 20%.

– thelma@bb.is

## Dregur úr tóbaks- og áfengisnotkun unglunga

Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk á norðanverðum Vestfjörðum sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga hefur verið undir meðaltali undanfarin þrjú ár. Þetta kemur fram í rannsókn á vegum rannsókn- miðstöðvarinnar *Rannsókn og greining* sem hefur kannað hagi og líðan barna og unglunga allt frá 1992. Í könnun sem gerð var á síðasta ári sögðust 14% nem- enda í 10. bekk á norðanverðum

Vestfjörðum hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga en landsmeðaltalið var 19% og 20% jafnaldra þeirra svaraði þessu játandi á höfuð- borgarsvæðinu. Sama ár sögðust aðeins 2% vestfirskra nemenda í 9. bekk hafa orðið ölvaðir á und- anförnum mánuði en landsmeð- altalið var 7%.

Þá hefur dregið mjög úr notkun unglunga á tóbaki en á síðasta ári var hlutfall unglunga á efstu

stigum grunnskólanna á norðan- verðum Vestfjörðum sem hafa notað nef- og munntóbak langt undir meðaltali. Aðra sögu var að segja árið 2006 en þá var hlutfallið langt yfir landsmeðal- tali. Á árunum 2007-2009 er hlut- fall nemenda í 9. og 10. bekk sem reykja daglega mjög lágt og undir meðaltali á norðanverðum Vestfjörðum. Á síðasta ári sögð- ust 2% nemenda í 9. bekk reykja daglega og 3% nemenda í 10. bekk.



# 20% grunnskólanema telja foreldra sína í fjárhagsvanda

20% nemenda í 9. og 10. bekkjum í Ísafjarðarbæ segja foreldra sína vera illa stadda fjárhagslega. Þetta kemur fram í niðurstöðum rannsókna meðal nemenda í grunnskólum Ísafjarðarbæjar sem fór fram á síðasta ári. 5% nemenda sögðu foreldra sína ekki hafa efni á að reka bíl og 4% að þeir hefðu varla efni á að borga brýnustu nauðsynjar. Einnig sögðu 5% foreldra sína ekki hafa

ráð á þeirri tómstundastarfsemi sem unglingarnir vildu helst stunda. Eru þessar tölur mjög nærri landsmeðaltali. Þetta kom fram þegar Rannsóknamiðstöðin *Rannsókn og greining* kannaði hagi og líðan grunnskólabarna í Ísafjarðarbæ.

Í skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar segir að rannsóknir sem gerðar hafa verið á undanförnum árum og áratugum benda



**Grunnskólinn á Ísafirði.**

til þess að tengsl unglinga við foreldra sína og fjölskyldu skipti miklu máli fyrir þróun og þroska þeirra, sem og samverustundir fjölskyldunnar.

„Foreldrar eru ungu fólki mikilvægar og sterkar fyrirmyndir og eru lykilaðilar í félagslegu stuðningsneti þeirra. Rannsóknir hafa t.d. sýnt að aðhald, eftirlit og stuðningur foreldra hefur jákvæð áhrif á námsárangur ungmenna og að þeir unglingar sem verja miklum tíma með foreldrum sínum og/eða eru vel tengdir þeim eru ólíklegri en aðrir unglingar til að leiðast út í notkun vímuefna lendi þeir í félagsskap þar sem vímuefnaneysla er algeng.“ segir í skýrslunni.

Aðspurð um eftirlit og stuðning foreldra sögðust 24 % stráka oft eða nær alltaf vera með foreldrum sínum utan skólatíma á virkum dögum og 38%. Er það nærri landsmeðaltali en 35% svöruðu þessu játandi og 38% stúlkna á landsvísi. Þá sögðust

53% stráka vega oft eða nær alltaf með foreldrum sínum um helgar og 41% stúlkna.

53% pilta og 46% stúlkna á þessum aldri sögðu það eiga frekar vel við um þau að foreldra þeirra setji ákveðnar reglur um hvað þau megi gera utan heimilis. Þá sagði 71% stúlkna og 58% stráka að það eigi mjög eða frekar vel við um þau að foreldrar þeirra fylgist með því með hverjum þau eru á kvöldin.

– *thelma@bb.is*



**Hótelgestum á Vestfjörðum og Vesturlandi fækkaði um 22%.**

## Hótelgestum fækkaði um 22%

Gistinætur á samarlögðu svæði Vesturlands og Vestfjarða voru 1.007 í janúar 2010 og fækkaði um 22% milli ára en þær voru 1.295 í janúar í fyrra. Til samanburðar voru gistinætur á Vesturlandi og Vestfjörðum 1.556 árið 2008. Í janúar 2010 gistu 674 Íslendingar á hótélum á samarlögðu svæði Vesturlands og Vestfjarða og 333 útlendingar. Flestir útlenskra hótélgesta voru Japanar, eða 112 talsins, þar á eftir koma 84 Bretar og 67 Þjóðverjar. Gistinætur á hótélum á Íslandi í janúar síðastliðnum voru 54.600 en voru 54.700 í sama mánuði árið 2009.

Á Suðurlandi fjölgaði gistinóttum úr 2.700 í 3.700, sem er 38% aukning, og á Norðurlandi úr 1.600 í 2.000, sem er um 25% aukning milli ára. Hlutfallslega fækkaði gistinóttum mest á Aust-

urlandi úr 700 í 500 eða um 25%. Gistinætur á Vesturlandi og Vestfjörðum voru eins og fyrr 1.0007 í janúar og fækkaði um 22% frá fyrra ári, á Suðurnesjum voru 2.800 gistinætur sem er 8% minna en í janúar 2009. Gistinætur á höfuðborgarsvæðinu voru svipaðar milli ára, 44.600 nú en 45.400 í janúar 2009.

Fækkun gistinátta á hótélum í janúar má rekja til útlendinga. Gistinóttum útlendinga fækkaði um 1%, en gistinóttum Íslendinga fjölgaði um 3% milli ára. Athygli skal vakin á því að hér er eingöngu átt við gistinætur á hótélum, þ.e. hótélum sem opin eru alltt árið. Til þessa flokks gistiastaða teljast hvorki gistiheimili né hótél sem eingöngu eru opin yfir sumartímann. Þetta kemur fram í tölum frá Hagstofu.

– *kristjan@bb.is*

**Kajakleiga Grænhöfða á Flateyri**  
óskar eftir myndum sem fólk hefur tekið  
í ferðum með Grænhöfða í Önundarfirði



Tilgangurinn er sá að fá heimild til að nota valdar myndir á heimasíðu Grænhöfða eða í aðrar auglýsingar.

Nánari upplýsingar gefur Sigurður í síma 8637662 og 4567762 eða á netfang: [kajak@simnet.is](mailto:kajak@simnet.is)



# Syngja til styrktar Sigurvon

Vestfirski karlakórinn Fjalla-bræður hefur tekið höndum saman við Krabbameinsfélagið Sigurvon og ætlar að halda styrktartónleika í íþróttahúsinu á Flateyri laugardaginn 13. mars nk. Þar stíga Fjallabráður á stokk og flytja lög sín. Forsala aðgöngu-miða er hafin og hægt er að nálgast miða hjá Birki ehf. og í Bókahorninu á Ísafirði. Einnig geta þeir sem búa á Flateyri, eða eiga leið hjá, tryggt sér miða á N1 á Flateyri. Miðar verða einnig seldir við inngang á tónleikadag ef ekki verður uppselt. Miðaverð er 1.500 kr og hefjast tónleikarnir kl 20. Vestfirðingar eru hvattir til að mæta og berja þennan kröftugu kór augum og styrkja gott málefni.

## Óánægja með hækkun

Sveitarstjórn Súðavíkur-hrepps hefur skorað á iðnaðarráðherra að auka niðurgreiðslur til húshitunar á köldum svæðum til að jafna þann mikla mun sem orðinn er á húshitunarkostnaði milli kaldra svæða og þeirra sem eru tengdir hitaveitu. Á síðasta fundi tók sveitarstjórn heilshugar undir ályktun Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum þar sem lýst er yfir mikilli óánægju með þá gríðarlegu hækkun sem orðið hefur á raforkuverði.

## Fagna góðum árangri KFÍ

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar fagnar þeim glæsilega árangri sem meistaraflokkur Kөрfuknattleiksfélag Ísafjarðar náði á dögum með því að vera deildarmeistarar í 1. deild og tryggja sér þar með sæti í úrvaldsdeild kөрfuboltamanna á næstu leiktíð. Þetta var bókað á bæjarstjórnarfundum þar sem samþykkt var tillaga íþrótt- og tómstundaneftndar að veita félaginu afnot af íþróttahúsinu á Torfnesi vikuna 6. -13. júní vegna kөрfuboltabúða KFÍ. Verður það í annað sinn sem búðirnar verða haldnar en rúmlega 50 krakkar víðsvegar af landinu tóku þátt í verkefni síðasta sumar.



## Inn að beini

**Jakobi Einari Jakobssyni er margt til lista lagt. Að elgin sögn er hann altmulligmann á veitingastað föður síns, Jómfrúnni í Reykjavík, nemi, ólympíuleikalýsandi í hjáverkum, fararstjóri og einkaþjálfari. Þegar Bæjarins besta innti hann eftir svörum inn að beini kom þó í ljós að hann hóf starfsævi sína sem kúasmali að Vöðlum í Önundarfirði.**

**Afdrifaríkasta ákvörðun lífs þíns?**

Að fara á fyrstu skíðagönguæfinguna hjá Kjell Hymer.

**Hvar langar þig helst að búa?**

Ýmist í afðölum eða í stórborg –dagamunur.

**Hver var hamingjusamasta stund lífs þíns?**

Þegar ég skilaði BS ritgerðinni í maí 2008 og við Solla fórum og fengum okkur hanastél, dýrari týpuna.

**Mestu vonbrigði lífs þíns?**

Að ná ekki ólympíulágmörkunum.

**Mesta uppgötvunin í lífi þínu?**

Þegar ég fattaði að kýr eru ekki vinir manns. Þær eru matur. Áttaði mig á þessu þegar hún Geira mín fór í sláturhúsið. Við vorum svipað gömul, 6 ára. Erfiður dagur!

**Uppáhaldslagið?**

Akkúrat núna, 11th dimension með Julian Casablancas.

**Uppáhaldskvikmyndin?**

Fritt vilt (1 & 2).

**Uppáhaldsbókin?**

It´s not about the bike-Lance Armstrong / Gulljakten-Björn Dæhlie.

**Ógleymanlegasta ferðalagið?**

Heimsmeistaramótið í Oberstdorf 2005.

**Uppáhaldsborgin?**

Shanghai, fór til Kína í haust. Shanghai stóð uppúr og mig langar aftur þangað.

**Besta gjöfin?**

Dauða Tarantúlan sem pabbi gaf mér 1994-5 held ég, þegar hann bjó í Brasilíu.

**Telur þú að líf sé á öðrum hnöttum?**

Játs.

**Hvaða hlutar geturðu alls ekki verið án?**

Úranna minna og símans.

**Fyrsta starflíð?**

Almenn sveitastörf heima á Vöðlum, kúasmali var sennilega það fyrsta. Draumastarflíð?

## Jakob Einar Jakobsson, athafnamaður frá Önundarfirði

Hótelstjóri í sveita- og ævintýraparadís/ framkvæmdastjóri Íþrótt- og ólympíusambands Íslands  
**Hvaða frægu manneskju hefur þér verið líkt við?**  
Michael C Hall-manninn sem leikur raðmorðingjann Dexter.  
**Fallegasti staðurinn á Íslandi?**

Mývatn.

**Sköndnasta upplifun þín?**

Að sofa í næturlest í Noregi, fara út á vitlausum stað (Finse á Harðangursheiðinni í stað Geilo) og þurfa að bíða í litlum skúr í 9 tíma eftir næstu lest. Þetta er fyndið.....eftirá!

**Aðaláhugamálið?**

Margskonar hreyfing, matur og matargerð, gott combó.

**Besta vefsíðan að þínu mati?**

Google, nota það mest.

**Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?**

Rokkbóndi.

**Hver er þinn helsti kostur að þínu mati?**

Skipulagður.

**En helsti löstur?**

Smámunasamur.

**Besta farartækið?**

Hjólíð mitt.

**Hver er uppáhaldshátíðardagurinn þinn?**

24. desember, þá eiga mamma mín og Jesú afmæli.

**Hvaða manneskju lítur þú mest upp til?**

Foreldrar mínir fjórir eru allir snillingar, hvert á sínu sviði. Eg reyni að læra af þeim.

**Ef þú mættir heita hvað sem er, hvað myndirðu heita?**

Yngsti bróðir minn heitir Benjamín Bent, það finnst mér alveg hrikalega flott nafn sem hann ber vel.

**Á hvaða tíma sólarhrings kanntu best við þig?**

Eldsnemma á morgnana.

**Í hvaða stjörnumerki ertu?**

Krabbi.

**Lífsmottólið þitt?**

„Don´t find trouble before trouble finds you.“



**Samkaup****úrval**

góðir grannar

Sjá uppskriftir á [samkaupurval.is](http://samkaupurval.is)Sparnaðartilboð helgarinnar **11. - 14. mars**

# Úrvals nautakjöt!

úr kjötborði eða pakkað ferskt

|                                                 |                                              |                                                |
|-------------------------------------------------|----------------------------------------------|------------------------------------------------|
| <del>2.935</del><br><b>Innræli 1.977</b> kr. kg | <del>2.938</del><br><b>Filé 2.398</b> kr. kg | <del>4.298</del><br><b>Lundir 3.696</b> kr. kg |
|-------------------------------------------------|----------------------------------------------|------------------------------------------------|

## Vatns-melonur

á **50%** afslætti!

~~238~~  
**119** kr. kg

**40% afsláttur**

~~1.298~~  
**779** kr. kg **Lambabógur**  
frá **Goða**

**Góð kaup!**

~~498~~  
**398** kr. kg **Lambahálsbitar**  
frá **Goða**

**38% afsláttur**

~~963~~  
**597** kr. kg **Kjúlli**  
ferskur, heill, frá **Ísfugli**

**Coop tilboð!**

**279** kr. stk. **Cider**  
epla eða peru, 1,5 lítri, frá **Coop**

**Coop tilboð!**

**296** kr. stk. **Blandaðir ávextir**  
825g, frá **Coop**

**Coop tilboð!**

**228** kr. pk. **Agúrkur**  
súrsaðar, heilar, 560g, frá **Coop**

**Coop tilboð!**

**270** kr. pk. **Morgunkorn**  
Choco Spooks, 375g, frá **Coop**

**Coop tilboð!**

**398** kr. pk. **Hindber**  
lausfryst, 300g, frá **Coop**

**Coop tilboð!**

**268** kr. pk. **Grænmeti**  
hollensk blanda, fryst, 750g, frá **Coop**

P&amp;O Birt með fyrirvara um prentvillur.

...sjá öll sparnaðartilboð á [samkaupurval.is](http://samkaupurval.is)



## Aukning í heimaþjónustu

Allt stefnir í aukningu á félagslegri heimaþjónustu hjá Ísafjarðarbæ í ár. Bæði stefnir í fjölgun klukkustunda í veittri þjónustu og fjölgun heimila sem nýta sér þjónustuna. Hámark veittrar félagslegrar heimaþjónustu eru sextán klukkustundir á mánuði og nýta fimm einstaklingar sér það. Minnsta veitta þjónustan eru tvær klukkustundir á mánuði.

Þetta kemur fram í greinargerð Margrétar Geirsdóttur, forstöðumanns Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar, um heimaþjónustu sveitarfélagsins, þróun hennar og vöxt á síðustu árum. Það segir að mikil fækkun hafi verið á klukkustundafjölda árið 2007 frá árinu áður en fækkunin nam 226,5 á ársgrundvelli.

Klukkustundum í veittri þjónustu fjölgaði svo úr 3.714 í 4.100 milli áráanna 2007-2008 eða um 386 klukkustundir. Á milli áráanna 2008 og 2009 fjölgaði klukkustundum í veittri þjónustu um 33,5. Tíu starfsmenn sinna félagslegri heimaþjónustu í Ísafjarðarbæ í tæpum fjórum stöðugildum. Þrír starfsmenn eru á Þingeyri, einn starfar bæði á Flateyri og Ísafirði, einn á Suðureyri og sex á Ísafirði.

## Spurningin

**Ætlar þú að greiða atkvæði með eða á móti lcesave-lögunum?**

**Alls svöruðu 721.**  
**Með sögðu 48 eða 7%**  
**Móti sögðu 567 eða 79%**  
**Hvorugt sögðu 106 eða 14%**

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

## Helgarveðrið

**Horfur á föstudag:** Vestlæg eða breytileg átt og víða dálítil úrkoma, þó síst á SA-lands. Híti breytist lítið. **Horfur á laugardag:** Vestlæg eða breytileg átt og víða dálítil úrkoma, þó síst á SA-lands. Híti breytist lítið. **Horfur á sunnudag:** Vestlæg eða breytileg átt og víða dálítil úrkoma, þó síst á SA-lands. Híti breytist lítið.

# „Geta vaxið með kórstarfinu“

Fyrstu tónleikar kórs Menntaskólans á Ísafirði fóru fram í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði í síðustu viku og þóttu þeir heppnast vel. „Kórinn söng fimm lög sem við höfum verið að æfa síðustu vikur og stóð sig vel. Við fengum jákvæð viðbrögð frá fólkinu sem kom og hlustaði á okkur. Þetta var nú bara svona til að vekja athygli á kórnum,“ segir Bjarney Ingibjörg Gunnlaugsdóttir, kórstjóri. Kórinn var endurvakinn fyrir um sex vikum og eru nú 23 menntskælingar skráðir í hann. „Þar af eru fimm strákar svo að stelpurnar eru í yfirgnæfandi meirihluta. Ég lýsi því eftir strákum sem finnst gaman að syngja. Við vonum að strákarnir fari að taka við sér,“ segir Bjarney Ingibjörg.

Kór MÍ æfir tvisvar í viku á sal skólans, og fá nemendur þátttökuuna metna til stúdentsprófs. „Kórfélagar fá tvær einingar fyrir þátttöku í kórnum og við æfum í



Kór MÍ kom fram í fyrsta sinn í Stjórnsýsluhúsinu.

einn til einn og hálfan tíma í senn. Við ætlum okkur að gera þetta af flottum og stórum skólakór,“ segir Bjarney Ingibjörg. Ekki hefur verið starfræktur menntaskólakór til margra ára og segir Bjargey Ingibjörg það vera mjög jákvætt að hann hafi verið endurvakinn. „Nú geta krakkar verið

í barnakór og farið síðan stúlkna-kór, þar sem engir strákar hafa fengist til að taka þátt, og þá hafa þau eitthvað að ganga til þegar þau fara upp í Menntaskólann. Þannig geta þau vaxið úr grasi meðfram kórstarfinu.“

Stefnt er að því að kórinn syngi við útskriftir og athafnir, sem og

að koma fram á árlegri Sólríshátíð MÍ. „Svo er á döfinni heim-sókn dansk kórs, Den danske ungdomskor, til okkar í júní. Við ætlum okkur að gera eitthvað skemmtilegt með dönsku gestunum, hvort sem það verður tónleikar eða eitthvað annað. Það kemur síðar í ljós.“

# Þörf á nýju brunakerfi á Hlíf

Vel hefur gengið að koma ör-yggishnöppum fyrir í íbúðum Hlífar, íbúðum aldraðra á Ísafirði, en þeirri vinnu er að mestu lokið. Eins og frá hefur verið greint hefur Ísafjarðarbær samið við Slökkvilið Ísafjarðarbæjar um öryggisþjónustu á Hlíf. Mun sú þjónusta taka við af þeirri þjón-

ustu sem þjónustudeildin hefur veitt til þessa. Um þessar mundir er verið að tengja brunakerfi og lyftur við nýja kerfið.

„Meiri vinna hefur falist í þeirri tengingu en búist var við vegna aldurs og ástands brunakerfis. Í framhaldi af því er ástæða til að benda á að nauðsynlegt er að

gera ráð fyrir nýju brunakerfi á Hlíf I við gerð fjárhagsáætlunar og hefja samband við íbúðareigendur á Hlíf II um kaup á nýju brunakerfi þar,“ segir í greinargerð Margrétar Geirsdóttur, forstöðumanns Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar, sem lögð var fyrir bæjarráð.

Í greinargerð Margrétar Geirsdóttur, forstöðumanns Skóla- og fjölskylduskrifstofu kom einnig fram að breytingar standi nú yfir á fjórðu hæð Hlífar en flytja á þangað vinnustofu frá kjallara. Þar á að auki dagvist að fara fram.

– *thelma@bb.is*

## Ritstjórnargrein

# Hvað nú!

Það fór lítið fyrir kristilegu kærleiksbólmunum þegar talsmenn stjórnmálaflokkanna settust, að margur ætlaði, að friðarborði í Silfri Egils að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu. Þvergirðingsháttur markaði strax umræðuna svo úr varð linnulaust, pólitískt karp sem gæti allt eins fært okkur ófá skref afturábak í deilu sem haldið hefur þjóðinni í gíslingu um margra mánaða skeið.

Þrátt fyrir að væntingar um þingkosningar innan skamms væru uppi á meðal leiðtoganna virtust þeir sammála um að stjórnarkreppa væri það sem við þyrftum síst á að halda. Ná þyrfti sátt og samlyndi um tiltekin mál áður en gengið yrði til kosninga. Hvernig það má verða er ekki auðséð ef dregnar eru ályktanir af málflutningnum hjá Agli.

Hvaða hlið sem verða kann uppi á stjórnmálateningnum á komandi tímum má telja víst að stjórnmálamönnum hugnast ekki að búa við fjórskiptingu valdsins, það er: löggjafar- framkvæmda- dóms- og forseta-vald. Hið síðastnefnda óneitanlega umdeilt. Héðan af verður ekki aftur snúið með þjóðaratkvæðagreiðslur. Þær eiga fyllilega rétt á sér stöku í málum, málum sem með skilmerkilegum hætti er hægt að útkljá með atkvæðagreiðslu.

Það er margra mat að stjórnleysi ríki í landinu. Þær raddir hafa heyrast að stjórnin sé máttlaus og stjórnarandstaðan þvælist fyrir.

Fólkið í landinu spyr: Hvað nú?

Fasteignalánin hækka, íbúðaverðið lækkar. Íbúðalánasjóður og bankar hafa leyst til sín þúsundir íbúða, sem enginn veit hverjir koma til með að nýta eða hvenær; framkvæmdir án minnstu fyrirhyggju. Það pissuðu margir í skóinn sinn í vitleysuganginum. Afleiðing: Hrun á fasteignamarki; byggingariðnaður í helgreipum um ófyrirséðan tíma. Ríkisstjórnin hét því að slá skjaldborg um heimilin. Mat á því hvað áunnist hefur í þeim efnum er misvísandi eftir því hver heldur á reiknistokknum. Þörfin er misjöfn.

Byggingasjóður verkamanna var framfarspor á sínum tíma. Einhverra hluta vegna þótti hann ekki þóknanlegur lengur og því sleginn af. Félagslega íbúðalánakerfið þandist út líkt og útrásarvikingar réðu för. Örlögin voru ráðin. Engum kom til hugar að endurskoða leikreglur þessara kerfa. Nei. Lausnin var að lána mönnum bara nógu mikið af peningum!!

Enginn áráðir að nefna að það hefur alltaf verið, er og verður til fólki, fullgildir þjóðfélagsþegnar, sem af margvíslegum ástæðum ræður ekki við hömlulaust kapphlaup markaðarins þegar kemur að því að fá þak yfir höfuðið. Hvers vegna horfast stjórnmálamenn ekki í augu við veruleikann í stað þess að rífast sífellt um lausnir sem fyrir-séð er að gagnast ekki þeim sem mest þurfa á liðsinni að halda?<sup>s.h.</sup>

**Útgefandi:** Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgoðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is*. **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is*, Kristján Einarsson, símar 456 4560 og 848 3403, *kristjan@bb.is*. **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**



# Ekki sama slitlagsefni beggja megin við Bolungarvíkurgöng

Vegagerðin telur ekki hagkvæmt, með hliðsjón af umferðarþunga, að leggja malbik á nýjan veg frá gangamunna í Syðridal að Bolungarvík, enda sé kostnaður við slíkt slitlag a.m.k. 20-30 milljón-um króna meiri en með klæðningu. Elías Jónatansson, bæjarstjóri Bolungarvíkur, hefur sent Hreini Haraldsson, vegamálastjóra erindi þar sem hann spyr hvort ekki sé ráðlegra að hafa malbik beggja megin við ganga-

munna. „Vel má vera að fyrir þessu sé hægt að færa þau rök að umferðin um göngin sé ekki meiri en svo að bundið slitlag í formi klæðningar sé fullnægjandi. Erfitt er þó að gera sér í hugarlund að umferðin sé ekki sú sama við báða enda jarðganganna og því eðlilegt að slitlagið sé sambærilegt við báða enda,“ segir Elías í bréfinu. Hann tekur þó fram að það sé alls ekki ætlunin að leggja til að

dregið verði úr gæðum slitlagsins Hnífsdalsmegin, heldur telji hann rétt að það verði skoðað ítarlega hvort ekki sé rétt að halda áfram með malbik þegar jarðgöngunum sleppir Bolungarvíkurmegin þannig að sá kaflí sem við tekur á um 1,5 km, verði einnig malbikaður. „Þótt framkvæmdin sé vissulega dýrari sem nemur mismuninum á að leggja malbik í stað klæðningar, má vænta þess að

viðhald á veginum verði minna og komi seinna til en ella og verði þá á sama tíma beggja vegna ganganna. Til lengri tíma litið er þá ekki víst að ýkja mikill munur verði á kostnaði. Þá mælir það einnig með malbiki fremur en klæðningu að hávaðamengun frá veginum verður minni vegna minna veghljóðs, en vegurinn liggur m.a. nálægt einni af útivistarparadísum Bolvíkinga, golfvellingum,“ segir í bréfi Elíasar.

Hreinn segir að ákvörðunin um að Hnífsdalsmegin skuli vera malbik hafi verið tekin á þeim forsendum að umferð er þar, a.m.k. að hluta, meir en Bolungarvíkurmegin. Auk þess liggi töluverður hluti vegarins á grjóttvarinni fyllingu út í sjó þar sem búast má við töluverðu sjávarálagi og grjóttálagi við verstu veðuraðstæður. Malbikið þolir það betur en klæðning. – [thelma@bb.is](mailto:thelma@bb.is)

## Aukning í skipakomum

Á fjórða tug skemmtiferðaskipa hafa boðað komu sína í Ísafjarðardjúp á komandi sumri. Rétt er að taka fram að sum skip koma tvisvar yfir sumarið og önnur koma bara við í Vigur, en leggja ekki að við Ísafjarðarhöfn. Listinn, sem telur 34 skip, er ekki fullmótaður og eru skipafélög þessa dagana að taka endanlegar ákvarðanir og selja í ferðir sínar. Þó má telja ljóst að annir séu framundan hjá þeim þjónustuaðilum sem koma á einn eða annan hátt að þessum skipakomum. Ísafjarðarhöfn er um þriðja stærsta höfn landsins er kemur að móttöku skemmtiferðaskipa

og hafa aldrei fleiri boðað komu sína vestur á firði. Skipin sem koma næsta sumar eru mjög mismunandi að stærð, allt frá tæplega fjögur þúsund brúttótonnum og upp í ríflega 100 þúsund brúttótonn að stærð. Með minnsta skipinu koma 250 farþegar en um 3.470 með því stærsta, að því gefnu að skipin verði fullsetin. Alls er pláss fyrir 21.332 farþega með þessum skipum. Von er á tveimur stærstu skipunum sem komið hafa til Ísafjarðar. Stærsta skipið er Costa Magica sem er væntanlegt um miðjan júní. Skipið er rúm 102 þúsund brúttótonn og getur tekið



Costa Magica er yfir 102 þúsund brúttótonn.

3.470 farþega. Næst stærst er skipið MSC Poesia sem er rúm 93 brúttótonn og tekur 2.550 farþega. Þriðja stærsta skipið er

Maasdam sem er orðinn árviss gestur í Ísafjarðarhöfn og heim-sækir Vestfirði. Það er 55 þúsund brúttótonn að stærð og 219,4 metr-

ar á lengd. Um borð eru um 1.200 farþegar auk 580 manna áhafnar. – [thelma@bb.is](mailto:thelma@bb.is)

# Nauðsynlegt er að vinna eldisþorsk fyrir dauðastirðnun

Afurðir úr eldisþorski standast samanburð við afurðir úr villtum þorski, en það er mikilvægt að vinna eldisþorskin fyrir dauðastirðnun. Þetta kemur fram í verkefninu „Vinnsla og gæðastýring á eldisþorski“ sem Hraðfrystihúsið Gunnvör hf í Hnífsdal hefur unnið að á undanförunum árum. Verkefnið felst í þróun vinnsluferla fyrir eldisþorsk í samvinnu við Matís. Verkefnið var styrkt af AVS sjóðnum. „Helstu niðurstöður verkefnisins voru þær að vinna verður eldisþorskin

fyrir dauðastirðnun ef fá á sambærilegar afurðir og fást úr villtum þorski. Það reyndist ekki unnt að nota hefðbundna söltunarferla við vinnslu á eldisþorski þar sem dauðastirðnunin vinnur á móti upp-töku pækils. Því var reynt að þróa nýja söltunarferla sem tóku mið af þessum eiginleikum eldisþorsks,“ segir í árs-skýrslu AVS rannsóknasjóðsins fyrir árið 2009. Þar segir að tekist hefur að framleiða kældar og lausfrystar afurðir úr eldisþorski sem eru

að sambærilegum gæðum og afurðir unnar úr villtum þorski. „Eiginleikar eru þó ekki þeir sömu, kemur það meðal annars fram í bragði og áferðaeiginleikum. Villtur þorskur er meyrari og gjarnan safaríkari en eldisþorskur hefur kjötkenndari og stamari áferð og er sætari á bragðið. Aðalástæða þessa mismunar er þurrefnisinnihald eldisþorsks sem er 2-4% prósentustigum meira en hjá villtum þorski og vatnsheldni er lakari,“ segir í skýrslunni. – [thelma@bb.is](mailto:thelma@bb.is)



Frá slátrun í þorskeldiskvíum.



# Kolféllu fyrir Öfundarfirði

Hjónin Nadia og Martin Ashkenazy-Jones settust að á Flateyri í lok síðasta árs. Þangað fluttu þau frá Englandi. Þau segjast hafa fallið fyrir Öfundarfirði við fyrstu sýn og eru bjartsýn á að þeim muni vegna vel í faðmi fjalla blárra á Vestfjörðum.

– Af hverju ákváðuð þið að flytja búferlum frá Englandi til lítils sjávarþorps á Íslandi?

„Það eru margar ástæður fyrir flutningnum. Ein þeirra er sú að ég er hálfíslensk og hef alltaf haft hug á því að snúa aftur til Íslands. Fyrir einu og hálfu ári ákváðum við að láta verða af því. Við vildum annað hvort flytja til Reykjavíkur eða til Vestfjarða en Vestfirðirnir urðu fyrir valinu af því að því við þekkjum þó nokkra hér vestra. Foreldrar mínir höfðu fengið til starfa fyrir sig nokkrar stúlkur frá Ísafirði sem au-pair og við höfum haldið tengslum við þær. Þegar við heimsóttum þær ákváðum við í leiðinni að skoða fasteignir á svæðinu. Verðið hér er líka mun hagstæðara en á höfuðborgarsvæðinu. Um leið og við heimsóttum Flateyri ákváðum við að það væri staðurinn fyrir okkur. Þorpið er í fallegum firði og við kolféllum fyrir staðnum,“ segir Nadia.

„Um leið og við komum út úr göngunum og keyrðum inn í Öfundarfjörðinn, þá vissum við að þetta staðurinn fyrir okkur,“ bætir Martin við.

„Við ætluðum að koma mun fyrr en það gekk mun hægar að selja eignir okkar í Bretlandi en við héldum. Þar spilaði kreppan inn í. Við ætluðum okkur að vera komin til Vestfjarða nokkrum mánuðum eftir að við tókum ákvörðunina um að flytja þangað en það leið ár,“ segir Martin.

## Vilja auka fjölbreytni í íþróttum

– Hvað ætlið þið að taka ykkur fyrir hendur á Vestfjörðum?

„Okkur langar til að vinna með fólki á Flateyri og í nágrenna-byggðum í íþróttum, svo sem sundi. Ég hef brennandi áhuga á sundi en ég starfaði með góðu sundfélagi á Austur-Englandi áður en við fluttum þangað. Ég var þjálfari og kenndi kappliðum í sundi. Mig langar að vinna við það líka hér. Mér finnst mjög áhugavert að vinna í litlum samfélögum. Samvinnan verður mun nánari þar sem maður kynnist fólkinu mun betur og verður hluti af samfélaginu, sem mér finnst mjög indælt. Fólk hefur beðið okkur um að kenna Kung Fu, fjallahjólreiðar, þríbraut og ýmislegt. Við höfum því mikinn áhuga á því að auka fjölbreytnina í þeim íþróttum sem bjóðast á svæðinu,“ segir Martin.

„Þegar við Martin kynntumst vorum við bæði klassískir ballett-

dansarar og mig langar til að kenna ungum stúlkum ballett. Ég er nú þegar byrjuð að kenna vatnsleikfimi á Flateyri og Þingeyri og Martin leikur undir á trommur. En margt af því sem okkur langar til að bjóða upp á eru hlutir sem við þurfum að rifja upp, eins og dansinn og Kung Fu til dæmis. Það eru mörg ár síðan við vorum í því,“ segir Nadia.

„Já, það er gaman að uppgötva að við getum nýtt okkur hluti úr fortíðinni á nýjum stað. Fólk sýnir því verulegan áhuga, sem er mjög hvetjandi,“ segir Martin.

„Það er líka mjög skemmtilegt að geta boðið upp á íþróttir sem eru ekki fyrir hendi eins og stendur og við höfum sérstaklega fundið fyrir áhuga hjá Flateyringum og Þingeyringum. Á Ísafirði er nú þegar töluvert í boði og við viljum einbeita okkur að minni stöðunum.

Síðan við komum hef ég unnið við yfirlestur og þýðingu hjá Háskólasetri Vestfjarða, leyst af í leikskólanum Grænagarði og kenni byrjendum ensku á Flateyri,“ segir Nadia.

## Hljjar viðtökur

– Eruð þið komin til að vera?

„Já, við vonum það að minnsta kosti. Búslóðin okkar er öll komin til Vestfjarða og okkur langar ekki að flytja aftur til Englands. En það er erfitt að segja hvað framtíðin ber í skauti sér. Það fer náttúrulega eftir því hvort við getum fundið störf og haldið okkur uppi hér,“ segir Nadia.

„Við vorum alveg ákveðin að koma strax til Íslands en þetta var akkúrat á þeim tíma sem kreppan lét fyrst á sér kræla og því þurftum við að biða mun lengur en við ætluðum. Og þó að Ísland sé í vanda, þá sjáum við það fyrir okkur að landið muni brátt byrja að rísa upp úr vandanum. En England hins vegar er að sökkva dýpra og ég á von á því að vandamálunum þar muni fjölga. Við sáum marga vini okkar vera að lenda í miklum vandræðum þegar við fluttum. Við ákváðum því að vera ekki með neitt hálfkák og geyma bróðurpart búslóðarinnar í Englandi ef hlutirnir myndu ekki ganga upp á Íslandi. Við fluttum bara í heilu lagi, brenndum allar brýr að baki okkur og við erum mjög bjartsýn á að okkur muni vegna vel hér.

Samfélagið hér er mun nánara og fólkið hér er alveg hreint frábært,“ segir Martin.

„Við fengum mjög hlýjar viðtökur þegar við komum hingað. Ekki bara frá fólkinu sem við þekktum áður en við fluttum heldur líka frá ókunnugum. Það eykur jákvæðnina því það er mjög ógnvænlegt að flytja til annars lands frá öllu sem maður þekkir. Við erum mjög ánægð að vera hér,“ segir Nadia.

Martin segir að honum hafi veist erfitt að læra íslensku vegna enskukunnáttu Vestfirðinga.

„Þörfin að læra íslensku hefur ekki verið svo brýn því það tala allir svo góða ensku. Meira að segja mjög lítil börn tala góða ensku. Mér finnst það stórmerki-legt því á Englandi geta flestir ekki talað nema eitt tungumál. En ég ætla mér að læra íslensku engu að síður. Mér finnst það mjög fallegt tungumál.“

## Finna meira fyrir náttúrunni

– Höfðuð þið heimsótt Ísland oft áður en þið ákváðuð að flytja?

„Ég ólst upp í Reykjavík og kom til Vestfjarða nokkrum sinnum sem barn en svo leið langur tími sem ég kom ekkert. Við komum svo og heimsóttum Vestfirði árið 2003 og það var í fyrsta sinn sem Martin kom til Íslands. Þá heimsóttum við einnig Reykjavík. Síðan komum við hingað aftur árið 2008. Það eru enn mörg svæði á Vestfjörðum sem við eigum enn eftir að kanna. Við getum varla beðið eftir að ferðast um og skoða restina af Vestfjörðum þegar tími gefst,“ segir Nadia.

– Eruð þið ekkert smeyk við vetrarhörkuna á Vestfjörðum?

„Við fluttum til Flateyrar í byl í nóvember á dimmasta tíma





vetrarins og okkur fannst það frábært,“ segir Martin.

„Já, við höfum farið út að hlaupa og hjóla í alls konar veðri frá því að við komum og það er ekkert mál. Maður er bara rétt klæddur og þá skiptir veðrið ekki máli. En við hlökkum þó til sumarsins og þess að geta notið meiri útiveru. En það er mjög sérstakt að upplifa að myrkrið nær yfir meiripart dagsins, því það er svo ólíkt því sem við höfum vanist hingað til. Maður finnur því mjög sterklega fyrir því að maður sé staddur á öðrum hluta jarðarinnar en áður. Við vorum úti að hjóla þegar við sáum sólina í fyrsta sinn í sex vikur. Við hjóluðum þar til hún birtist á veginum og það var svo sérstök stund því þá metur maður virkilega sólarljósið,“ segir Nadia.

„Maður finnur meira fyrir náttúrunni hér og upplifir hana á mun kröftugri hátt hér á Íslandi. Árstíðirnar á Englandi eru ekki svo ólíkar hver annarri. En hér breytast þær á mjög dramatískan hátt og það er mjög fallett,“ segir Martin.

„Það er líka mjög spennandi að sjá hversu ört það breytist. Dagurinn hefur lengst mjög mikið frá því í desember.“

– thelma@bb.is



Hjónin Nadia og Martin Ashkenazy eru þegar byrjuð að kenna vatnsleikfimi á Flateyri og Þingeyri.

# Aðalskipulag Bolungarvíkur gæti tafið lagningu jarðstrengs

Landsnet hefur óskað eftir upplýsingum frá bæjaryfirvöldum í Bolungarvík hvort hægt sé að fá framkvæmdaleyfi fyrir lagningu háspennujarðstrengs í gegnum Bolungarvíkurgöng milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur, þótt aðalskipulag sveitarfélagsins hafi ekki verið samþykkt.

„Milli kaupstaðanna liggur nú 66 kV háspennulína sem liggur fram Hnífsdalinn um Heiðarskarð yfir í Syðridal og þaðan að spennuvirki við Múrhúsaland í Bolungarvík. Línan þarfnast endurbóta en hún var upphaflega byggð sem 11kV og er með grennri leiðara en þær línur sem liggja frá Mjólka að Ísafirði. Línan hefur síðan verið spennu- hækkuð með aukinni einangrun. Bolungarvíkurlína 2 er samkvæmt truflanaskráningum sl. 10 ára með mestu truflanatiðni allra lína á Vestfjörðum. Eftir að strengurinn hefur verið lagður og tekinn í notkun mun rekstri línunnar verða hætt og hún tekin niður,“ segir í bréfi Landsnets. Óskað hafði verið eftir því við Bolungarvík að nýi strengurinn yrði settur inn á aðalskipulag.

Gert var ráð fyrir að nýtt aðal-



Gangnamunni Bolungarvíkurganga, Hnífsdalsmegin.

skipulag yrði samþykkt snemma árs 2010. Landsnet hafði ráðgert að hefja lagningu háspennustrengsins innan sveitarfélagsmarka Bolungarvíkur í júní 2010

og er ráðgert að bjóða út verkið út á næstu vikum. „Samkvæmt upplýsingum frá skipulagsfulltrúa Bolungarvíkurkaupstaðar Jóhanni Birki Helgasynir, er nú

ekki gert ráð fyrir staðfestingu nýs aðalskipulags Bolungarvíkurkaupstaðar fyrr en sumar eða haust 2010. Forsenda fyrir útboði á lagningu háspennustrengsins

er að ekki sé óvissa um framkvæmdaleyfi og þar af leiðandi framkvæmdatíma,“ segir í bréfinu.

– thelma@bb.is





## Mikið um dýrðir á Hlífarsamsætinu

Húsfyllir var á Hlífarsamsætinu sem haldið var í Edinborgarhúsinu á Ísafirði á sunnudag. „Samsætið heppnaðist ljómandi vel og ég held að við hefðum ekki getað komið fleirum inn í húsið,“ segir Anna Karen Kristjánsdóttir, formaður Kvenfélagsins Hlífar en Hlífarkonur standa árlega fyrir samsætinu. Í ár var dagskráin veglegri en venja er þar sem jafnframt var fagnað aldarafmæli kvenfélagsins. Meðal annars hélt sr. Magnús

Erlingsson, sóknarprestur á Ísafirði, hugvekju og fram fóru ræðuhöld. Þá kom Hlífarkórinn fram, Þjóðbúningafélag Vestfjarða hélt sýningu á þjóðbúningum og félagar úr Litla leikklúbbnum sýndu brot úr söngskemmtuninni Vegir liggja til allra átta. Boðið var upp á heitt súkkulaði með rjóma, brauð og kökur og að endingu stígu gestir samsætisins dans við undirspil BG og Margrétar.

Kvenfélagið Hlíf varð 100 ára

laugardaginn 6. mars en það var árið 1907 sem konur hér í bæ sáu að víða var fátækt sérstaklega hjá gömlu fólki og einstæðingum. Þær bundust þá samtökum um að hlúa að eldri borgurum t.d. með matarveislum. Árið 1910 stofna þær síðan félag um starfsemina. Það má því segja að samsætið sé upphaf þess að Kvenfélagið Hlíf var stofnað. Hlífarsamsætið hefur verið haldið allar götur síðan og einn af megin þáttum í starfseminni.





# Aukinn ferðamannastraumur til Bolungarvíkur kallar á vegabætur

Aukinn ferðamannastraumur til Vestfjarða eykur mikilvægi þess að vegum á fjölförnum ferðamannastöðum sé vel við haldið. Þetta kemur fram í bréfi Elíasar Jónatanssonar, bæjarstjóra Bolungarvíkur til Hreins Haraldssonar, vegamálastjóra Vegagerðarinnar. Þar er bent á að vegabóta sé þörf í Bolungarvík. „Vegurinn á milli Hanhóls í Syðridal og stöðvarhúss Reiðhjallavirkjunarinnar við Gil er nánast horfinn. Frá veginum liggur gönguleið að Surtarbrandsnámu sem vinsæl er til skoðunar af ferðamönnum. Þá

liggja vinsælar gönguleiðir frá veginum t.d. upp á Reiðhjalla, yfir í Hnífsdal og yfir á Seljalandsdal í Skutulsfirði. Til að gera veginn ökufæran öllum fólksbifreiðum þarf að keyra í hann efni og koma á hann burðarlagi,“ segir í bréfinu. Um er að ræða u.þ.b. 1,3 km langan kafla. Bæjaryfirvöld í Bolungarvík óskuðu eftir því við Vegagerðina að stofnunin kæmi að vegabótum á Syðridalsvegi og að lagt yrði bundið slitlag á Skálavíkurvegi frá Þjóðólfsvegi og fram fyrir vatnsból Bolvíkinga.

Vegamálastjóri segir að vegurinn innan Hanhóls teljist ekki til þjóðavegakerfisins og hann sé því ekki í umsjón Vegagerðarinnar. Hann bendir á að Bolungarvíkurkaupstaður geti hins vegar sótt um styrk í styrkvegasjóð Vegagerðarinnar til endurbóta á umræddum vegakafla. Þá hefur Vegagerðin skoðað og metið aðstæður á Skálavíkurvegi frá slitlagsenda í Bolungarvík og hefur lagt til að lagt verði slitlag um 1,4 km að afleggjaranum að Tungu.

– thelma@bb.is



Bolungarvík.



Bandaríska hljómsveitin Melonheads.

Bandaríska hljómsveitin Melonheads ætlar að styrkja Raggagarð, fjölskyldugarð Vestfjarða í Súðavík, með dansleikjahaldi í júní. Í sumar kemur hljómsveitin

í fyrsta sinn til Íslands og ætla meðlimir hennar að láta aðgangseyrir á dansleikinn renna óskipt til garðsins. Í bandinu eru sex manns en einn þeirra, Nick Adde,

## Melónuhausarnir styrkja Raggagarð

verður ekki með í för í Íslandsförinni en Eggert Nielson spilar í hans stað. Þess má geta að Melonheads spiluðu á þorablóti Íslendingafélagsins í Washington 27. febrúar. Voru félagar svo ánægðir með hljómsveitina að þeir eru þegar búnir að tryggja sér hljómsveitina á næsta þorablót að ári. Bandið spilar ýmsa alþýðutónlist og rokk og fleira

fyrir alla aldurshópa.

Vilborg Arnardóttir, framkvæmdastjóri Raggagarðs, kynntist hljómsveitinni er hún var viðstödd Íslands- og Vestfjarðakynningu Eggerts Nielsonar í Virginíu í Bandaríkjunum í október. „Eggert tók lagið um Súðavík sem hann samdi í haust fyrir Raggagarð. Í framhaldinu bað hann mig um að segja frá Ragga-

garði hvernig hann hefði orðið til og svo frv. Þrír af hljómsveitinni voru á kynningunni og kom þetta til í framhaldinu þegar þeir ákváðu að skella sér í fyrsta skipti til Íslands með Eggert og Michelle Nielson alla leið til Vestfjarða. Þeir urðu svo heillaðir af sögu og tilurð Raggagarðs að þeir buðust til að fá að leggja honum lið með þessum hætti.“

# Landsnet hefur tekið yfir stýringu og gæslu 66 kV kerfisins

Landsnet hefur tekið yfir alla stýringu og gæslu 66 kV kerfis á Vestfjörðum. Er það liður í stefnu Landsnets að stjórna öllu kerfi sínu út frá stjórnstöð sinni í Reykjavík. „Sú skoðun hefur verið innan Orkubús Vestfjarða að þessi stýring og gæsla ætti að vera áfram innan fyrirtækisins, þar sem henni hefur verið sinnt áfallalaust, en skilningur er þó á þessari ákvörðun Landsnets og þar tekið tillit til ábendinga OV,“ segir í tilkynningu OV. Frá stofnun Orkubús Vestfjarða, hefur það stjórnað öllu raforkukerfi á Vestfjörðum frá 66 kV spennu og allt niður í lágspennu. Árið 1987 var aðveitustöð í Stóruurð gerð fjarstýranleg og í dag er allt flutningskerfið fjarstýranlegt.

Landsnet var stofnað 2004 á grundvelli nýrra raforkulaga. Í kjölfarið lagði Orkubúið allt 66 kV flutningskerfi sitt, sem þá var, inn í Landsnet í staðinn fyrir eignarhlut í hinu nýstofnaða fyrirtæki. Frá 1. janúar 2005 hefur verið í gildi samningur milli fyrirtækjanna, þar sem Orkubúið tekur að sér stýringu og gæslu 66 kV kerfis Landsnets á Vestfjörðum. Gildistími samningsins lauk um síðustu mánaðarmót.

„Samstarf Orkubús Vestfjarða og Landsnets hefur alla tíð verið mjög gott og er það von okkar að þessi breyting muni á allan hátt ganga vel, rafmagnsnotendum á Vestfjörðum til heilla,“ segir í tilkynningu á vef OV.

– thelma@bb.is



Orkubú Vestfjarða.



## smáar

Þriggja manna fjölskylda ósk-  
ar eftir 3-5 herb. íbúð eða húsi  
til leigu á Ísafirði frá og með  
mánaðarmótunum júní-júlí.  
Erum reyklus og snyrtileg.  
Skilvísing greiðslum heitið.  
Upplýsingarsendist á netfang-  
ið [jonfannar@gmail.com](mailto:jonfannar@gmail.com).

Er að leita mér að íbúð til leigu  
á Þingeyri. Langtímaleiga. Má  
vera stúdíóíbúð. Margt kemur  
til greina. Uppl. gefur Ingibjörg  
í síma 864 8155.

Til sölu er húseignin að Urð-  
arvegi 31 á Ísafirði. Uppl. gef-  
ur Sigurður Samúelsson í  
síma 896 3212.

Til leigu er 5 herb. einbýlishús  
á Ísafirði. Upplýsingar gefur  
Halldór í síma 848 4265.

## Tæplega 93% sögðu nei

Yfirgnæfandi meirihluti,  
eða 92,71%, í Norðvestur-  
kjördæmi sagði nei í þjóðar-  
atkvæðagreiðslunni um Ice-  
save lögin. Þar greiddu 13.  
561 atkvæði sem er 63,6%  
kjörsókn. Já sögðu 295 eða  
2,18%, nei sögðu 12.573.  
Auðir atkvæðaseðlar voru  
660 eða 4,87% og ógildir 33  
eða 0,24%.

Alls kusu í kosningunum  
í heild á landsvísi 144.231  
manns. Já sögðu 2.599 eða  
1,8 prósent. Nei sögðu 134.397  
eða 93,2 prósent. Ógild  
atkvæði voru 7235 eða 5%.  
Þar af voru 6744 seðlar auðir  
en 491 atkvæði var ógilt.

# „Svört atvinnustarfsemi veld- ur samfélaginu miklum skaða“

Staða atvinnumála var mjög til  
umræður á stjórnarfundum Verka-  
lýðsfélags Vestfirðinga sem  
haldinn var á Suðureyri. Áhyggj-  
ur fundarmanna beindust aðal-  
lega að því hversu hratt atvinnu-  
leysi hefur aukist í fjórðungnum  
sem og yfir þeirri staðreynd að  
þrátt fyrir að íbúum fjórðungsins  
hafi fækkað nokkuð á síðasta ári,  
hefur atvinnuleysið aukist meira  
en gert var ráð fyrir. „Þetta hlýtur  
að vekja okkur til umhugsunar  
um að þrátt fyrir að hluti af at-  
vinnulausum flytjist á brott þá  
erum við samt að sjá umtalsverða  
aukningu á atvinnuleysi. Þessi  
staðreynd segir okkur að störfum  
í fjórðungnum hefur fækkað mun  
meira en nemur brottfluttum,“  
segir í tilkynningu frá VerkVest.  
Mikill hiti var í fundarmönnum  
vegna aðgerðarleysis yfirvalda  
gegn svartri atvinnustarfsemi.

„Svört atvinnustarfsemi skekk-  
ir ekki eingöngu samkeppnisstöðu  
annarra fyrirtækja, heldur kemur  
hún einnig í veg fyrir að ný fyrir-  
tæki reyni að hefja starfsemi með  
allt upp á borðinu. Við hljótum  
öll að sjá hvílíkt óréttlæti þau  
fyrirtæki verða fyrir sem eru að  
standa sig á meðan ekkert er gert  
til að uppræta svarta atvinnustarf-  
semi. Þetta veldur öllu samfélag-  
inu miklum skaða, ekki bara fjár-  
hagslegum skaða heldur einnig á



Finnbogi Sveinbjörnsson, formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga. Mikill hiti var  
í fundarmönnum vegna aðgerðarleysis yfirvalda gegn svartri atvinnustarfsemi.

grundvelli réttindamissis þeirra  
einstaklinga sem taka þátt og  
vinna svart,“ segir í tilkynningu-  
inni.

Þar segir einnig að launamaður  
hjá fyrirtæki sem er með allt uppi  
á borðinu og greiðir af starfs-  
manni kjarasamningsbundin  
gjöld og skatta nýtur fullra rétt-  
inda. Sá sem vinnu svart er al-  
gjörlega réttindalaus.

„Hann hefur ekki veikinda-  
eða slysarétt, á ekki rétt á orlofi,  
nýtur ekki lífeyrisgreiðslna, er  
ótryggður og það sem verra er

það er hægt að reka viðkomandi  
úr vinnunni fyrirvaralaust án  
nökkurra varna. Sá sem vinnur  
svart tekur því gríðarlega áhættu  
og að auki er hann samsekur þeim  
sem stundar svörtu atvinnustarf-  
seminu. Við getum verið þakklát  
fyrir að það eru ekki mörg fyrir-  
tæki á félagssvæði Verkalýðsfé-  
lags Vestfirðinga sem stunda  
svarta atvinnustarfsemi. En því  
miður þarf ekki nema eitt skemmt  
epli í hverju samfélagi sem skemm-  
ir út frá sér. Það er okkar samfé-  
lagslega skylda að reyna með

öllum tiltækum ráðum að koma í  
veg fyrir svarta atvinnustarf-  
semi. Menn hljóta að sjá það í  
hendi sér hvílik ósanngirni fellst  
í því að fyrirtæki sem stunda  
svarta atvinnustarfsemi skulu fá  
fulla þjónustu frá samfélaginu  
en skila ekki til samfélagsins líkt  
og þau fyrirtæki sem fara að sett-  
um reglum. Ef við ætlum að  
byggja upp réttlátt og samfélag  
þar sem allt er upp á borðinu þá  
er svört atvinnustarfsemi eitt af  
meininum sem þarf að stinga á  
og það sem fyrst.“

# Þjóðaratkvæði og kosningar

## Stakkur skrifar

Þjóðin hefur talað í verki.  
Það gerði hún með því að nærri  
63% kjósenda mættu á kjörstað laugardaginn 6. mars 2010. Þessi  
dagur verður skráður í Íslandssöguna og talinn merkur áfangi í  
lýðræðisþróun íslenska ríkisins. Sjálfsagt verða sagnfræðingar  
fram tíðar ósammála um það hversu merkur hann skuli teljast og  
fyrir hvað, en óafmáanlega er hann hluti Íslandssögunnar. Því  
má svo við bæta að Ólafur Ragnar Grímsson mun einnig eiga  
sinn sess vegna þjóðaratkvæðisins. Hann hefur áður synjað lög-  
um staðfestingar, en þá var sá kostur valinn að draga lögin til  
baka. Nú var það ekki gert, en viðbrögð forsvarsmanna ríkisstjórn-  
arinnar eru allrar athygli verð. Hvernig mun sagan dæma þau?

Ólafur Ragnar er snjall maður. Það sýndi hann sem stjórnmála-  
maður og þó hann hafi verið umdeildur og verði sennilega um  
ókomna framtíð hefur hann kjark til að leita nýrra leiða þegar  
vandi bankar upp á. Vandinn var hins vegar og er allrar þjóðarinnar  
og val hans þegar hann synjaði lögum um Icesave staðfestingar  
í blóra við ríkisstjórn sem skipuð er fyrrum samstarfsmönnum úr  
Alþýðubandalagi og af vinstri vængnum gat orðið tvíþent. Hann  
tók þó skrefið og ímynd hans hefur óneitanlega batnað í hugum  
meirihluta kjósenda þó vafalaust eigi eftir að koma upp atvik  
sem skapa umtal og óánægju einhverra eða jafnvel margra. Hvað  
sem öðru líður stendur hann beinn. Hvort hið sama verður sagt  
um ríkisstjórnina verður að koma í ljós.

Ólafí Ragnari hefur tekist það sem ríkisstjórninni tókst ekki,  
að beina kastljósi erlendra fjölmiðla að vanda Íslendinga. Hann  
hefur ekki skirrt við að benda á hvernig jafnvel þau nágrannaríki,  
sem við teljum hafa staðið okkur næst, hafa í raun stýrt gerðum  
ríkistjórnarinnar í Icesave samningum með yfirlýsingum um að  
þegar lofuð aðstoð verði ekki í boði fyrir Íslendinga fyrr en þeir  
semji við Breta og Hollendinga og gangi þar með undir efnahags-  
legt ok vegna örfárar svokallaðra athafnamanna sem reyndar  
voru í góðum tengslum við Forsetann þegar mest gekk á. Sá tími  
er liðinn og rís vonandi aldrei aftur. En framtíðin er ævinlega  
óráðin.

Hver verða næstu skref ríkisstjórnarinnar? Auðvelt er að  
halda því fram að hún hafi steytt á skeri og skútan sé nokkuð  
löskuð. Mörgum kjósendum verður það lengi í minni að leiðtogar  
hennar hunsuðu þjóðaratkvæðagreiðsluna. Þegar á bjátar með  
þjóðinni lítur það ekki sérlega vel út að gera lítið úr þeim  
ótvíræða lýðræðisrétti að fá að kjósa um það sem skiptir máli.  
Það má ekki gleyma því að stutt er í næstu sveitarstjórnarkosn-  
ingar. Þá kunna ýmsir að hugsa til þess að formenn flokka sem  
bjóða fram telji það lítils virði að kjósa.

Íslenska þjóðin er sigurvegari þjóðaratkvæðagreiðslunnar.  
Hún mætti vel þótt veður væru válynd og hún stóð saman. Það  
eru bestu skilaboð úr öllum kosningum.

**Stakkur** hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum  
hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins.  
Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

## Styttist í tókur á Vaxandi tungli

Búast má við miklu stuði á Suð-  
ureyri í seinni hluta mars mánað-  
ar en þá hefjast tókur á kvik-  
myndinni Vaxandi tungli. Pálmi  
Gestsson, leikari og Bolvíkingur  
fer með aðalhlutverkið í mynd-  
inni en meðal leikara má nefna  
Elvu Ósk Ólafsdóttir, Elfar Loga  
Hannesson, Ársæl Nielsson og  
Rakel Dimar frá Danmörku.  
Ungmennin Svanur Pálsson,  
Ástrós Valsdóttir, Birta María  
Gunnarsdóttir og Sunna Karen  
Einarsdóttir fara einnig með  
hlutverk í myndinni. Handritið  
að myndinni er eftir Lýð Árna-  
son, lækni. Um er að ræða fjöl-  
skyldumynd sem byggir á sannri,  
sögu úr nútímanum.

„Gömul kona deyr í litlu sjáv-  
arþorpi. Eldri sonur hennar býr á  
staðnum ásamt fjölskyldu, en  
yngri sonurinn býr í Reykjavík  
með konu sinni. Lát gömlu kon-  
unnar vekur upp átök milli bræðr-  
anna. Óvænt þungun flækir málin  
enn frekar. Kemur þá til skjalanna  
yngsta dóttirin, augasteinn ömmu  
sinnar. Hún finnur fyrir nánd  
gömlu konunnar, afraður að bjóða  
örlögnum byrginn.“



# Spaugileg sýn á annars hryllilegan heim

Leikverkið „Síðasti dagur Sveins skotta“ verður brátt frumsýnt á Ísafirði en um er að ræða samstarfsverkefni Kómedíuleikhússins, Lýðveldisleikhússins og einstakra listamanna. Verkið er ljóðleikur eða söngdans um Svein Björnsson, þjóf, nauðgara og galdramann, sem var hengdur í Reiðskörðum á Barðaströnd árið 1648. Að verkinu koma Ársæll Níelsson, Benóný Ægisson, Steingrímur Guðmundsson, Elfar Logi Hannesson, Henna Riika Nurmi og Halldóra Malin Pétursdóttir. Bæjarins besta hitti Halldóru og Henna stutta stund þegar þær tóku sér hlé milli æfinga og forvitnaðist um verkið.

– Nú styttesti óðum í frumsýningardaginn, er þetta búið að vera langt ferli?

„Við komum saman í fyrsta sinn í nóvember. Við tókum törn þá til að skoða hvernig við ættum að gera þetta. Síðan höfum við unnið að þessu á sitt hvoru landshorninu,“ segir Henna.

„Ég kom ekki fyrr inn í ferlið fyrr en mun seinna“, segir Halldóra. „Benni (Benóný Ægisson) hringdi í mig og sagðist vera að vinna að þjóðlegu verki. Ég sagðist á stundinni vilja vera með en ég hef alltaf verið svo hrifin af öllu þjóðlegu. Það er æðislega gaman að vinna svona vinnu með sóðalegum karakterum en þetta gerist sautján hundrað og súrkál og karakterarnir eru í stíl við það. Verkið fjallar um líf Sveins skotta, son Axlars-Bjarnar, og það er flakkað fram og aftur í tíma.“

– Henna, þú sérð um sviðshreyfingar og dans, hvernig er að semja dans við verk sem fjallar um svona hádramatísk mál?

„Þó þetta sé dans, þá eru hreyfingarnar mun groddaralegri en ég er vön og það er ekki svo mikið verið að spá í tæknina. Þetta er mun frjálsslegra. Það er ekkert verið að taka neina pirouette-snúninga á sviðinu eða neitt slíkt,“ segir Henna. „Og þó svo að viðfangsefnið sé eins og það er, þá er verkið uppfyllt af svörtum húmor.“

„Já, heldur betur. Við skelli hlógum í fyrsta sinn sem við komum öll saman og lásum handritið. Þetta er mjög spaugileg sýn á annars hryllilega ljótan og fátækan heim. Við vonum að fólk geti komið á sýninguna og glaðst yfir því að við erum ekki uppi á þessum tíma,“ segir Halldóra og hlær. „Við erum með tvo mennt-



Leikkonurnar Henna Riika Nurmi og Halldóra Malin Pétursdóttir. Ljósmynd: © Ágúst G. Atlason.

aða trúðleikara og þeir eru báðir svo flottir þessir strákar, Ársæll og Elfar Logi. Svo hefur Steini búið til þennan flotta hljóðheim og ég held að allir ættu að finna eitthvað skemmtilegt við þetta verk.“

## Gloppa í samningi við djöfulinn

– Hafði þið þurft að grúska í sögulegum heimildum til að vinna verkið?

„Þessir strákar eru svo fullir af fróðleik að það er sögustund að hlusta á þegar þeir eru að segja frá. Það er mikil rannsóknavinna á bak við handritið hjá þeim. Við höfum t.d. fengið sendar myndir frá staðnum þar sem Sveinn skotti var hengdur loksins þegar honum hafði verið náð. Hann var nefnilega svo rammgöldróttur að erfitt var að hafa hendur í hári hans enda veðsetti hann sig djöflinum til þess að enginn fjötur gæti haldið honum. Kona

nokkur gat loksins látið binda hann með reifum en það gleymdist að tiltaka þann fjötur þegar Sveinn samdi við djöfulinn,“ segir Halldóra.

– Kona margar persónur fyrir í leikritinu?

„Já, það eru fullt af karakterum og við leikum öll fleiri en einn,“ segir Halldóra.

„Já, mér fannst það frekar skondið að þegar ég kom inn í verkefnið hélt ég að ég yrði bara að semja dans en áður en ég vissi af var ég komin með fimm hlutverk,“ segir Henna skælbrosandi.

## Efla þarf leiklistina á landsbyggðinni

Verkið verður frumsýnt í Edinborgarhúsinu fimmtudaginn 18. mars kl. 20.

„Ísfirðingar eru mjög heppnir að eiga þetta flotta hús. Ég kem frá litlu bæjarfélagi á Austfjörðum og yrði mjög stolt af því að

eiga svona hús þar. Svo virðist líka vera svo mikið í gangi í húsinu,“ segir Halldóra.

Þetta er í annað sinn sem Halldóra kemur vestur en hún tók þátt í hátíðinni Act alone árið 2006.

„Mér finnst alveg frábært að koma út á landsbyggðina að leika. Það er náttúrulega alveg magnað að það skuli vera rekið hér atvinnuleikhús. Það er ekki síður merkilegt að einleik skuli vera gert svona hátt undir höfði hér því leiklistin er hópíþrótt. Þessu má líkja við að einhver sé einn að spila fótbolta. Þetta er mjög skemmtilegt og væri náttúrulega ekki hægt nema með stuðningi frá samfélaginu. Það þarf að hlúa að þessu svo þetta glatist því ekki. Sveinn skotti er gott dæmi um þetta. Þrír vinir fá hugmynd, sækja um styrk til menningarráðs og fá stuðning bæjarvalda og láta þetta verða að veruleika. Það er frekar magnað á þessum tímum,“ segir Halldóra.

„Þetta er einmitt ástæðan fyrir því að ég kom aftur til Ísafjarðar. Í Finnlandi er öll hringiðan í kringum höfuðborgina og svæði eins og í Norður-Finnlandi þurfa að berjast fyrir því að fá eitthvað til sín. Þar var kreppan mun dýpri en á Íslandi og ég vona Íslendingar nái að halda áfram að styðja við listina,“ segir Henna.

– Hvað verða margar sýningar?

„Það er búið að ákveða tvær sýningar og við ætlum að hafa margmennar sýningar en fáar. Við nennum ekki að sýna fyrir tömu húsi. Svo vona ég að við getum farið með sýninguna heim á Austfirði því það er yndislegt að fara með leikhús á landsbyggðina. Það er alltof lítið gert af því að atvinnuleikhús sýni utan höfuðborgarsvæðisins þó auðvitað séu bæjarfélög með misöflug leikfélög,“ segir Halldóra.

Þess má geta að önnur sýning verður laugardaginn 20. mars kl. 20. Miðasala hefst 12. mars.



# Mikill heiður að vera kjörinn

Emil Pálsson, ungur knattspymmaður á Ísafirði, var í ársbyrjun útnefndur íþróttamaður Ísafjarðarbæjar árið 2009. Emil er 16 ára Ísfirðingur sem hefur æft fótbolta alla sína ævi. Hann lék frábærlega með meistaraflökksliði BÍ/Bolungarvíkur síðasta sumar þegar liðið endaði í 5 sæti í 2.deild.

„Að vera kjörinn íþróttamaður Ísafjarðarbæjar er rosalega mikill heiður, ég er einnig fyrsti fótboltamaðurinn í Ísafjarðarbæ sem er kjörinn, ég er mjög ánægður með titillinn og þetta er mjög góð tilfinning. Þetta kom mér svolítið á óvart, það var mikil samkeppni og flott íþróttafólk sem var tilnefnt en ég gerði mér þó alltaf væntingar.“

– Hvað þýðir svona titill fyrir ungan íþróttamann?

„Maður verður náttúrulega að leggja miklu harðar að sér, maður finnur alveg fyrir því að það eru gerðar væntingar til manns og maður verður að standa undir þeim.“

Fótboltinn er helsta áhugmál Emils en ásamt því að stunda fótboltann er Emil í Menntaskólanum á Ísafirði þar sem hann stundar nám á náttúrufræðibraut.

„Fótboltinn er númer eitt, tvo og þrjú en síðan verður maður auðvitað að standa sig vel í skólanum.“

Emil reiknar ekki með því að staldra lengur við á Ísafirði, því hann hyggur á að fara suður innan tíðar.

„Ég reikna með að fara suður í haust, ætla í skóla þar og æfa fótbolta með aðalliði FH. Ég fór í viku fyrir jólin á æfingu hjá þeim til þess að prófa og mér leist mjög vel á þetta, Valur og Keflavík voru líka búin að hafa samband en ég gat ekki neitað FH.“

Emil er á samningi hjá BÍ/Bolungarvík út sumarið og muna spila með þeim í sumar.

„Sumarið leggst bara vel í mig, ég verð að æfa með meistaraflökki, það gekk mjög vel í fyrra, ég var í byrjunarliðinu í öllum leikjum sem ég spilaði. Við náðum fimmta sætinu í deildinni sem er ágætur árangur miðað við að vera að spila í fyrsta skipti í annarri deild. Við setjum stefnuna upp í sumar.“

## Setur stefnuna hátt

„Ég er búinn að bæta mig síðan síðasta sumar. Ég hugsa mikið um að halda mér í góðu formi, ég er t.d. að fá hjálp frá næringarfræðingi til þess að fá rétta næringu en það skiptir miklu máli og maður verður að leggja sig 100% fram.“

– Hvernig æfir þú á veturna?

„Þá erum við mest í útihlaupi og lyftingum og notum bara vellina þegar þeir eru auðir, en fyrir sunnan er t.d. hægt að æfa á gervigrasinu allan veturinn, þannig að maður fær aðeins meira út úr því.“

Emil setur stefnuna hátt og vonast til að geta spila í Englandi í náninni framtíð.

„Það er náttúrulega alltaf draumurinn að fara til Englands og spila

í úrvalsdeildinni þar. Ég ætla að reyna að komast út eftir 1-2 ár í Reykjavík, það verður bara að koma í ljós hvernig það endar.“

Emil hefur ekki fengið nein tilboð frá liðum utan úr heimi en segir að umboðsmenn á Íslandi séu búnir að láta vita af sér.

„Allir landsleikir eru teknir upp og maður verður bara að standa sig. Sem dæmi var félagi minn sem spilaði með FH og er jafngamall mér keyptur til Liverpool í desember og hann er núna að æfa með þeim þannig að möguleikarnir eru alltaf til staðar. Ég er ekki með neitt annað plan í augnablikinu ef fótbolaferillinn klikkar, ég bara vona að það gerist ekki.“

## Stendur sig vel með landsliðinu

Emil hefur verið í yngri landsliðum Íslands í tvö ár, fyrst var hann í U16 landsliðinu, síðan U17, og nú er hann í U18 landsliðinu.

„Það er æfingamót framundan hjá U18 landsliðinu en U19 landsliðið er að fara keppa á Evrópu-meistaramóti á þessu ári og ég ætla að reyna að gera mitt besta til að þess að komast með þangað.“

Emil var í byrjunarliðinu hjá U17 landsliðinu í fyrra og var í byrj-



unarliði U18 landsliðsins á dögnum og skoraði m.a. eitt mark.

„Ég er búinn að skora 2 mörk í keppni og 1 mark í æfingaleik. Ég ætla mér að halda mínu sæti í landsliðinu en markmiðið er auðvitað að spila með A-landsliðinu, hvenær sem það verður.“

Emil er búinn að fara í tvær keppnisferðir með landsliði síðan hann byrjaði.

„Það er rosalega gaman, maður fær mikla reynslu út úr því að spila landsleiki og sér m a r g a

góða fótboltamenn, það er mikil samkeppni um að komast í liðið.“

– En er mikil samkeppni hjá BÍ/Bolungarvík?

„Jú, það eru margir sem mæta á æfingar, Goran Vijic er kominn aftur í framherjastöðuna hjá okkur og það er mikil keyrsla á æfingum. Þjálfarinn er mjög góður, það er klárlega lagður mikill metnaður í þetta og mér list mjög vel á sumarið. Það er enginn ágreiningur eða öfund í liðinu, við erum allir mjög góðir vinir og höfum gaman af því að spila fótbolta.“

Tímabilið í sumar verður því mjög líklega síðasta tímabil Emils með BÍ/Bolungarvík, eða hvað?

„Jú, í bili. Það er aldrei að vita hvað maður gerir þegar maður verður eldri. Ég á örugglega eftir að spila með BÍ einhvern tímann í framtíðinni.“

– kristjan@bb.is



# Fjallagrasa-eggjamjólk og Framsóknarkaka

„Uppskriftirnar sem ég ætla að deila með lesendum BB eru í upphaldi hjá mér. Móðir mín, Jónína (Adda Massa), gerði oft grasasúpu þegar ég var að alast upp og mér þykir hún einstaklega góð. Svo er hún holl. Grösin eru tínd á hlaupum upp um fjöll og firnindi í kringum og ofan við Skutulsfjörðinn kæra. T.d. þegar ég hef leitað að rjúpu en enga séð. Framsóknarkökuuppskriftin er frá tengdamömmu, Helgu Sigurðardóttur. Ég kann ákaflega vel við bragðið, nafnið og litinn á kökunni og þess vegna er hún í upphaldi.“

**Fjallagrasa-eggjamjolk**  
40 gr. fjallagrös (hnefi)  
2 msk. púðursykur  
2 dl. vatn  
11/2 ltr. mjólk

1-2 hænuegg  
1/2 msk. sykur  
1 tsk. kartöflumjöl  
Vanilla

Grösin eru þvegin úr köldu vatni. Sjóðandi vatni er hellt yfir þau og þau svo tekin upp úr og þerruð. Þá eru þá söxuð frekar

hellit smátt og smátt út í egginn í súpuskálinni og hrært vel í á meðan. Eftir þessa blöndun má ekki sjóða grasamjólkina. Toppurinn er að stíflpeyta eggjahvítur og setja ofan á súpuna.

Af gefnu tilefni:  
Framsoknarkaka



gróft. 2 dl. afsjóðandi vatni, púðursykur og grös látið malla á pönnu í c.a. tvær mínútur. Mjólk-in hituð í potti, grösunum hellt út í og soðið í 2-3 mínútur. Hænuegg, sykur og kartöflumjöl þeytt vel í súpuskál. Vanilludropum bætt út í. Grasamjólkinni er nú

2 hænuegg  
200 gr. sykur  
200 gr. smjör  
150 gr. hveiti  
2 tsk. möndludropar  
5 msk. heitt vatn  
**Grænn matarlitir** (smá slatti)  
Bakað við 150° hita í 11/2



Sælkeri vikunnar er Marzellíus Sveinbjörnsson á Ísafirði.

tíma. Bræddu súkkulaði smurt yfir kökuna þegar hún er orðin köld. Athugið! Kakan þolir illa rauðan eða bláan matarlit - verður alveg ómöguleg.

Ég skora á Pál Harðarson, æskuvín minn, að gefa lesendum góðar uppskriftir. Hann er sælkeri, flottur með svuntu og lumar á uppskriftum af ýmsu góðgæti.



Dúettinn F og Valtýr ásamt vinum og gestum. Frá vinstri: Martin Ashkenazy-Jones, Önundur Pálsson, Lýður Árnason, Fjölur Ásbjörnsson, Valtýr Gíslason og Guðmundur Hjaltason. Myndir: Páll Öundurason.

## Góð stemmning á poppmessu á Flateyri

Húsfyllir var í Flateyrarkirkju á sunnudagskvöld þegar haldin var svokölluð poppmessa. „Það var full kirkja og alveg ótrúleg stemmning. Það er svo gaman þegar svona margir koma því það skapar strax góða stemmningu,“ segir Fjölur Ásbjörnsson, sóknarprestur á Flateyri. Fram komu Lýður Árnason, Guðmundur Hjaltason, Húsbandið á Vagninum á Flateyri, dúettinn F og Valtýr og tvær ungar stúlkur, þær Elísabet Ósk Magnúsdóttir og Júlía Ósk Bjarnadóttir.

Í lok messu komu flestir tónlistarmannanna saman og spiluðu fyrir kirkjugesti. Er þetta í annað sinn sem poppmessa er haldin í Flateyrarkirkju en Fjölur segir miklar líkur á því að fleiri poppmessur verði haldnar. „Við vorum með poppmessu á svipuðum tíma í fyrra og ég held að það sé full ástæða til þess að gera þetta að árlegum viðburði.“



Þessar ungu stúlkur tóku einnig lagði í poppmessunni.



# Námskeið um fjármál

## Námskeið fyrir unglinga og fullorðna

Íslandsbanki á Ísafirði og Opni háskólinn í Háskólanum í Reykjavík bjóða upp á fjármálanámskeið mánudaginn 15. mars.

Markmið námskeiðsins er að veita ráðleggingar um flest sem snýr að fjármálum fjölskyldunnar. Þátttakendur verða fræddir um sparnað, lán, efnahagsreikning heimilisins, fjárfestingar, lífeyrissparnað og margt fleira.

Einnig verður kennt á **Meniga**, byltingarkennt heimilisbókhald sem lærir sjálfvirk á þitt neyslumynstur og aðstoðar við áætlanagerð, markmiðasetningu, sparnaðarleiðir, neyslugreiningu og samanburð við neyslu annarra notenda Meniga.

Námskeiðið verður haldið á 4. hæð Stjórnsýsluhússins, frá kl. 16.00 til 18.30 fyrir unglinga og frá kl. 19.00 til 22.00 fyrir fullorðna. Ókeypis aðgangur.

Nánari upplýsingar og skráning fer fram á [islandsbanki.is](http://islandsbanki.is) og í útibúi Íslandsbanka á Ísafirði.



OPNI HÁSKÓLINN  
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK



Íslandsbanki